

## AUGLÝSING

**um breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjubings samkvæmt heimildum  
í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997,  
með síðari breytingum.**

### I. KAFLI

**Breyting á starfsreglum um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar  
nr. 730/1998, með síðari breytingum.**

1. gr.

Orðið „og“ í 35. gr. starfsreglnanna fellur brott.

### II. KAFLI

**Breyting á starfsreglum um djákna nr. 738/1998, með síðari breytingu.**

2. gr.

5. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Þegar djákni er ráðinn til starfa af sóknarnefnd gilda að öðru leyti ákvæði starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum.

### III. KAFLI

**Breyting á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembætta  
og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999, með síðari breytingum.**

3. gr.

Í stað orðsins „presta“ í 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. starfsreglnanna kemur: sóknarpresta.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum falla brott.

### IV. KAFLI

**Breyting á starfsreglum um sérþjónustupresta sem ráðnir eru á vegum  
stofnana og félagasamtaka nr. 824/1999, með síðari breytingu.**

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum fellur brott.

### V. KAFLI

**Breyting á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.**

6. gr.

Í stað orðanna „starfsreglur um kirkjubing“ í 1. mgr. 5. gr. starfsreglnanna kemur: starfsreglur um þingsköp kirkjubings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. starfsreglnanna.

- a. Á eftir orðunum og tölustöfunum „reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna nr. 206/1991“ í b-lið kemur: , með síðari breytingum.
- b. Í stað tölustafanna „38“ í c-lið kemur: 138.

8. gr.

10. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kirkjuráð fer með málefni Skálholtsstaðar og eftirtalinna stofnana þjóðkirkjunnar:

- a) Skálholts ásamt öllum mannvirkjum og lausafé, sbr. lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað nr. 32/1963 og lög um Skálholtskóla nr. 22/1993.

- b) Löngumýrarskóla, sbr. reglur fyrir Löngumýrarskóla í Skagafirði samþykktar á kirkjuþingi árið 1994.
- c) Hjálpstarfs kirkjunnar, Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar og Tónskóla þjóðkirkjunnar, sbr. ákvæði gildandi starfsreglna, staðfestra skipulagsskráa og annarra heimilda hverju sinni. Kirkjuráð starfrækir enn fremur fasteignasvið þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.

9. gr.

11. gr. starfsregnanna orðast svo:

Kirkjuráð skipar eða ræður í eftirtalin stjórnunarstörf þjóðkirkjunnar:

- a) Skólaráð Skálholtsskóla, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um Skálholtsskóla nr. 22/1993.
- b) Kirkjutónlistarráð, sbr. 1. mgr. 6. gr. starfsreglna um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017.
- c) Fagráð um meðferð kynferðisbrota, sbr. 3. gr. starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009, með síðari breytingu.
- d) Kjörstjórn og yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar, sbr. 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 20. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017.
- e) Löngumýrarnefnd, sbr. 4. gr. reglna fyrir Löngumýrarskóla í Skagafirði sem samþykktar voru á kirkjuþingi árið 1994.
- f) Forstöðumann Fjölskyldupjónustu þjóðkirkjunnar, sbr. 4. gr. og ákvæði til bráðabirgða í starfsreglum um Fjölskyldupjónustu þjóðkirkjunnar nr. 951/2009, með síðari breytingu.

Kirkjuráð skipar í hvert ráð og nefnd skv. stafliðum a-e í 1. mgr. þrjá aðalmenn og varamenn þeirra til fjögurra ára í senn. Kirkjuráð ákveður jafnframt hver skuli vera formaður hvers ráðs og nefndar og varamaður hans, nema starfsreglur kirkjuþings mæli á annan veg. Hver skipun gildir frá 1. júlí árið eftir kjör til kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 1. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017.

10. gr.

3. málsl. 12. gr. starfsregnanna orðast svo:

Kirkjuráð tilnefnir two nefndarmenn og varamenn þeirra í þóknananefnd kirkjunnar, sem kosin er af kirkjuþingi, sbr. 2. mgr. 12. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

11. gr.

15. gr. starfsregnanna orðast svo:

Kirkjuráð hefur, auk annarra verkefna sem greinir í starfsreglum þessum, eftirtalin verk með höndum:

- a) Fjallar um erindi frá sóknarnefndum vegna fyrirhugaðra fjárfreksramkvæmda svo og vegna fjárhagsörðugleika, sbr. 8. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum.
- b) Tekur afstöðu til áfrýjunar úrskurða úrskurðarnefndar og hefur yfirumsjón með því að úrskurðum úrskurðarnefndar og áfrýjunarnefndar sé framfylgt, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 31. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998, með síðari breytingum.
- c) Ábyrgist, ásamt kirkjulegum stjórnvöldum, að farið sé að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, með síðari breytingum og að einstökum ákvæðum jafnréttis-áætlunar kirkjunnar sé jafnframt framfylgt.
- d) Upplýsir almenning um lög og regluverk á sviði þjóðkirkjumála og annast það verk með viðhlítandi hætti.
- e) Svarar fyrirspurnum kirkjuþings sem undir kirkjuráð heyra.
- f) Veitir úrlausn í málum sem skotið er til ráðsins með stjórnsýslukæru vegna ákvarðana eða aðgerða kirkjulegra stjórnvalda sem undir það heyra.

Leikmenn í kirkjuráði sitja leikmannastefnu, sbr. 1. mgr. 5. gr. starfsreglna um leikmannastefnu nr. 874/2004, með síðari breytingu.

Nr. 1051

13. nóvember 2018

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „kirkjupingsmönnum“ í 1. mgr. kemur: kirkjuráðsmönnum.
- b. Í stað orðanna og tölustafanna „persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000“ í 2. mgr. kemur: persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

#### VI. KAFLI

##### **Starfsreglur um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni nr. 821/2000, með síðari breytingu.**

13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum fellur brott.

#### VII. KAFLI

##### **Starfsreglur um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000, með síðari breytingum.**

14. gr.

Á eftir orðunum og tölustöfunum „reglugerðar um Jöfnunarsjóð sókna nr. 206/1991“ í e)-lið 1. gr. starfsreglnanna kemur: , með síðari breytingum.

15. gr.

Í stað orðsins „þjóðminjavavarðar“ í 3. mgr. 6. gr. starfsreglnanna kemur: Þjóðminjasafns Íslands, sbr. 2. og 6.-9. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, með síðari breytingum.

16. gr.

Í stað orðanna „þjóðminjavavarðar, sbr. gildandi þjóðminjalög á hverjum tíma“ í síðari málsl. 2. mgr. 12. gr. starfsreglnanna kemur: Þjóðminjasafns Íslands, sbr. 2. og 6.-9. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, með síðari breytingum.

17. gr.

22. gr. starfsreglnanna fellur brott.

#### VIII. KAFLI

##### **Starfsreglur um þjálfun djáknaefna nr. 843/2003.**

18. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum fellur brott.

#### IX. KAFLI

##### **Starfsreglur um leikmannastefnu nr. 874/2004, með síðari breytingu.**

19. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum fellur brott.

#### X. KAFLI

##### **Starfsreglur um samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005.**

20. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum fellur brott.

#### XI. KAFLI

##### **Starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 956/2006.**

21. gr.

Á eftir 3. málsl. 2. mgr. 7. gr. starfsreglnanna koma tveir nýir málslaðir sem orðast svo: Héraðsfundi er þó heimilt að kjósa annan fulltrúann til eins árs, þannig að leikmaður verði eftirleiðis kosinn annað hvort ár og prestur hitt. Sama gildir þá um varamenn þeirra.

## 22. gr.

Í stað tölustafanna „732/1998“ í 11. gr. starfsreglnanna kemur: 1111/2011, með síðari breytingum.

## 23. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum falla brott.

## XII. KAFLI

**Starfsreglur um prófasta nr. 966/2006, með síðari breytingum.**

## 24. gr.

10. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prófastur kemur að vali prests og veitir jafnframt liðsinni sitt við almennar prestskosningar, ef kjörstjórn fer þess á leit, sbr. 6. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 14. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum.

## 25. gr.

16. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prófastur er formaður héraðsnefndar, sbr. 2. mgr. 7. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 965/2006. Hann tekur við erindum og fyrirspurnum til úrlausnar og annast að öðru leyti þá stjórnsýslu sem honum er falin samkvæmt starfsreglunum.

## 26. gr.

Í stað orðanna „starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir“ í 1. mgr. 17. gr. starfsreglnanna kemur: 13. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 965/2006.

## 27. gr.

19. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prófastur annast um þær úttektir í prófastsdæminu sem hér greinir:

- Úttekt á nýbyggðri kirkju og eignum hennar svo og þegar kirkja hefur verið endurbyggð.
- Úttekt á kirkju þegar hún hefur verið afhent söfnuði, sbr. 3. gr. laga um umsjón og fjárhald kirkna nr. 22/1907, með síðari breytingu.
- Úttekt á prestssetri við starfslok sóknarprests eða prests og við afhendingu prestsseturs til viðtakandi sóknarprests, prests eða kirkjumálasjóðs.
- Úttekt á prestssetri þegar gagngerar endurbætur hafa átt sér stað þar eða þegar þess er óskað af lögbærum aðilum.
- Úttekt á bókasafni prestakalls, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um bókasöfn prestakalla nr. 17/1931.
- Úttekt á kirkju, sem lögð er niður eða réttarstöðu hennar er breytt, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 6. gr. starfsreglna um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000, með síðari breytingum.

## 28. gr.

Í stað orðsins „valnefndir“ í staflið c í 28. gr. starfsreglnanna kemur: kjörnefndir.

## 29. gr.

Á eftir orðinu „Þjóðskrár“ í 30. gr. starfsreglnanna kemur: Íslands.

## 30. gr.

31. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prófastur tekur við og varðveisir skrá frá Minjastofnun Íslands um friðlýsta gripi hverrar kirkju og minningarmörk í kirkjugörðum, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012, með síðari breytingu.

## 31. gr.

Í stað orðsins „sóknarbanda“ í 32. gr. starfsreglnanna kemur: á sóknarbandi.

**XIII. KAFLI**  
**Starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006, með síðari breytingum.**  
 32. gr.

6. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Vígslubiskup á sæti í ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni - kenningarnefnd, sbr. 14. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum og 1. mgr. 3. gr. starfsreglna um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni nr. 821/2000, með síðari breytingu.

Vígslubiskup situr biskupafund sem biskup Íslands kallar til, sbr. 19. gr. laga nr. 78/1997 og 1. og 2. gr. starfsreglna um biskupafund nr. 964/2006.

Vígslubiskup situr almenna prestastefnu, sbr. 1. og 2. mgr. 28. gr. laga nr. 78/1997.

Vígslubiskup situr kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 4. mgr. 21. gr. laga nr. 78/1997 og 1. mgr. 25. gr. starfsreglna um þingskör kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

Vígslubiskup situr prófastafund, sbr. 27. gr. starfsreglna um prófasta nr. 966/2006, með síðari breytingum.

Vígslubiskup situr fundi kirkjuráðs þegar sérstök málefni biskupsstólsins eða embættisins eru rædd, sbr. 21. gr. starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.

Vígslubiskup skal boðið að sitja héraðsfundi umdæmisins, sbr. 2. mgr. 2. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 965/2006.

**XIV. KAFLI**  
**Starfsreglur um þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar nr. 1028/2007.**  
 33. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum fellur brott.

**XV. KAFLI**  
**Starfsreglur um þingskör kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.**  
 34. gr.

1. málsl. 3. mgr. 12. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Nýkjörið kirkjuþing kýs til annarra þeirra nefnda og trúnaðarstarfa sem kveðið er á um í starfsreglum, samþykktum eða ályktunum frá kirkjuþingi svo og í lögum.

35. gr.

Í stað tölustafsins „3“ í 7. mgr. 28. gr. starfsreglnanna kemur: 4.

**XVI. KAFLI**  
**Starfsreglur um presta nr. 1110/2011.**  
 36. gr.

Á eftir orðinu „Þjóðskrár“ í 2. mgr. 9. gr. starfsreglnanna kemur: Íslands.

**XVII. KAFLI**  
**Starfsreglur um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum.**  
 37. gr.

Í stað orðsins „þjóðminjalaga“ í 5. tölul. 6. gr. starfsreglnanna kemur: laga um menningarminjar nr. 80/2012, með síðari breytingu.

38. gr.

Í stað orðsins „prófastsdæma“ í 2. mgr. 8. gr. starfsreglnanna kemur: vegna prófastsstarfa nr. 819/1999, með síðari breytingum.

**XVIII. KAFLI**  
**Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016,**  
**með síðari breytingum.**

39. gr.

13. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Komi fram ósk um almenna kosningu í prestakalli, eftir að embætti prests hefur verið auglýst laust til umsóknar, skal orðið við henni, ef að minnsta kosti fjórðungur atkvæðisbærra sóknarbarna ber hana fram. Fjöldi atkvæðisbærra sóknarbarna miðast við þá sem eru skrádir í þjóðkirkjuna í prestakallinu samkvæmt þjóðskrá og eru fullra 16 ára við birtingu auglýsingarinnar. Biskupsstofa leggur fram lista yfir þessi sóknar börn.

Eigi síðar en 14 dögum eftir birtingu auglýsingar skv 1. mgr. skal biskupi Íslands berast skrifleg ósk um hina almennu prestskosningu. Meðfylgjandi skal vera listi með skriflegum undirskriftum hinna kosningarbæru sóknarbarna. Biskupsstofu er heimilt að óska eftir að listinn sé enn fremur afhentur á tölvutvæku formi.

Rísi ágreiningur um hvort almenn prestskosning skuli fara fram eða um framkvæmd hennar að öðru leyti skal fjallað um málið, eftir því sem við á, samkvæmt starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017. Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar úrskurðar um ágreining skv. 19.–23. gr. þessara starfsreglna.

Almenn prestskosning skal vera leynileg, sbr. þó 3. mgr. 15. gr.

40. gr.

14. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kjörstjórn við almennar prestskosningar er sú sama og kjörstjórn þjóðkirkjunnar samkvæmt 19. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017.

Jafnskjótt og biskupi Íslands hafa borist skriflegar óskir um almenna kosningu í prestakalli, frá tilgreindum fjölda atkvæðisbærra sóknarbarna, sbr. 1. og 2. mgr. 13. gr., skal hann tilkynna kjörstjórn það skriflega.

Kjörstjórn er heimilt að fela hlutaðeigandi prófasti eða öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar að annast undirbúning og framkvæmd kosningar á ábyrgð kjörstjórnar.

Biskupsstofa skal láta kjörstjórn í té þá nauðsynlegu aðstöðu og þjónustu sem óskað er eftir við almenna prestskosningu.

41. gr.

Í stað orðanna og tölustafanna „kosningu kirkjuþings nr. 301/2013“ í 3. mgr. 15. gr. starfsreglnanna kemur: kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017.

42. gr.

Ákvæða til bráðabirgða í starfsreglunum orðast svo:

Á árinu 2019 skulu aðalmenn og varamenn þeirra kosnir í kjörnefndir prestakalla til fjögurra ára. Eigi síðar en á aðalsafnaðarfundi eða safnaðarfundi viðkomandi sóknar skal þessari kosningu lokið.

**XIX. KAFLI**

43. gr.

Auglýsing þessi um breytingu á ýmsum starfsreglum, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

*Reykjavík, 13. nóvember 2018.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings.